

fimmtudaginn
11. nóvember
kl:9:00-17:00

BETRI BYGGÐ

FRÁ ÓVISSU TIL ÁRANGURS

Málþing

á Grand Hótel Reykjavík



Ljósmynd: Graur Codrin

Skráning:

Hægt er að skrá sig og greiða ráðstefnugjald hjá Arkitektafélagi Íslands á heimasíðu félagsins [www.ai.is](#) (sími: 551 1465 og netfang: [ai@ai.is](#))

Ráðstefnugjald er 6.000 krónur og innifalinn er hádegisverður og hressingar í hléum.

Innritun og morgunkaffi/te klukkan 8:00–8:50

Málþingið hefst stundvíslega klukkan 9:00.

Sérstakur gestur:

Vesa Juola

Framkvæmdastjóri
Finnska Arkitektafélagsins

Fundarstjórn:

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Forseti Borgarstjórnar
og

Hjálmar Sveinsson

Stjórnarformaður Faxaflóahafna

Hádegisverður

Í hádeginu verður boðið upp á kjúklingatortillas með tilheyrandi sósum og salati. Súpa, eftirréttur og kaffi/te fylgir.

Dagskrá fyrir hádegi

8:00–8:50

Morgunkaffi og innritun

9:00–9:10

Ávarp

Svandís Svavarsdóttir
Umhverfissráðherra

9:10–9:30

Fasteignabólan

Um orsakir, afleiðingar og framtíðarþróun.

Halla Tómasdóttir

Stjórnarformaður Auðar Capital

9:30–9:50

Til baka til gamaldags gæða

Um eftirlit í byggingariðnaði, gæðakerfi og vottun.

Ríkhartur Kristjánsson

Verkfræðingur og hönnunarstjóri
Hörpunnar

9:50–10:05

Lóðir og skipulag

Sveitarfélög eru mörg mjög skuldsett en víða eru miklar eignir bundnar í fjárfestingum gatna og lagna sem miðast við skipulag sem gert var við aðrar aðstæður en nú.

Guðmundur R. Arnason

Bæjarstjóri

10:05–10:30

Samtal

Hanna Birna Kristjánsdóttir og Hjálmar Sveinsson ræða sín á milli og við málshefjendur og gesti um helstu áherslur í því sem fram hefur komið.

10:30-10:50 Hlé fyrir hressingu

10:50–11:10

Hver er staða nýframkvæmda?

Hvað segja tölurnar okkur?

Guðjón Steinsson

Deildarstjóri Þjóðskrár Íslands

11:10–11:40

Byggingaþörf og mannfjöldapróun

Erindinu er ætlað að varpa ljósi á líklega þróun fasteignamarkaðarins með tilliti til samsetningar þjóðarinnar.

Bjarni Már Gylfason

Hagfræðingur SI

11:40–12:00

Samtal

Hanna Birna Kristjánsdóttir og Hjálmar Sveinsson leiða samræðuna og undirbúa spurningar sem verða til umræðu yfir hádegisverðinum.

„Ef Íslendingar nota vit sitt og orku til að endurskapa menningu sína, verður sjálfstæði þeirra borgið um ókomna tíð, að öðrum kosti er hættan sú að þeir flosni upp í andlegum skilningi og verði útlendingar í eigin menningarheimi.“

Páll Skúlason

12:00-13:30 Hádegisverðarhlé

Í hléinu verða eftirfarandi spurningar lagðar fyrir gesti til umræðu.


1. Hvað getum við lært af fortíðinni og hvernig getum við tryggt að sagan endurtaki sig ekki?
2. Hvernig geta fagaðilar í byggingariðnaði bætt samstarf sitt?

3. Hver viljum við að staðan í byggingariðnaði verði að fimm árum liðnum og hvaða skref er mikilvægast að stíga til þess að sú staða geti orðið að veruleika?

Látum
verkin tala!



HÚSASMÍÐJAN



Dagskrá eftir hádegi

„Á tímum breytinga erfa þeir jörðina sem læra, á meðan hinir lærðu uppgötva að þeir búa yfir stórkostlegri getu til að bregðast við heimi sem er ekki lengur til.“

Eric Hoffer

13:30–14:10

Hvernig fóru Finnar að?

Þetta er hvorki fyrsta kreppan né sú síðasta sem byggingariðnaðurinn hefur mátt þola og við Íslendingar erum ekki ein á báti. Ástandið er víðar slæmt í dag. Fyrir ekki svo löngu síðan glímdu frændur okkar Finnar við kringumstæður sem á ýmsan hátt svipar til þess sem við okkur blasir nú.

Vesa Jupola
Framkvæmdastjóri finnska
Arkitektafélagsins

14:10–14:30

Ábyrgð fagstétta

Hvaða kröfu getur samfélagið gert til okkar og hvaða kröfur eigum við að gera til okkar sjálfra almennt og í skilningi siðfræðinnar?

Salvör Nordal
Forstöðumaður Siðfræðistofnunar
Háskóla Íslands

14:30–14:45

Áflog og regnhlífar og saumavélar á skurðborðinu

Skipulag og sambýli bygginga á höfuðborgarsvæðinu. Það er meðal annars hlutverk skálda að varpa nýju ljósi á tilveru okkar—oft á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt. Í þessu felst ekki nein þversögn því oft verður að rífa gamalt til að koma nýju fyrir—það á jafnt við um skoðanir sem mannvirki.

Guðmundur Andri Thorsson
Rithöfundur

14:45–15:00

Sjálfbær byggð—til hvers?

Að taka ekki meira en svo að nóg verði eftir handa afkomendum okkar er ekki ný hugsun en hefur í ljósi hnattrænna breytinga öðlast nýja og dýpri merkingu.

Kristín Þorleifsdóttir
Verkefnisstjóri hjá AÍ

15:00-15:20 Hlé fyrir hressingu

15:20 –15:40

Mikilvægi aukinnar menntunar og rannsókna

Hvernig getum við náð betri árangri í skipulagsmálum og mannvirkjagerð með aukin lífsgæði að leiðarljósi?

Porkell Sigurlaugsson
Framkvæmdastjóri HR

15:40–16:00

Verktaki/iðnmeistari

Hvernig getum við aðlagð framkvæmdir í mannvirkjagerð betur að kröfum samfélagsins.

Friðrik Ágúst Ólafsson
Forstöðumaður
á Byggingarsviði SI

16:00–16:20

Takmarkanir eða tækifæri?

Hvernig er hægt að bregðast við breyttum áherslum á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar.

Sigríður Björk Jónsdóttir
Framkvæmdastýra Vistbygðarráðs

16:20–16:40

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Gildi stefnumótunar og gæðastefnu.

Halldóra Vífilsdóttir
Arkitekt FAÍ

16:40–17:00

Eigum við framtíð?

Um viðhorf til framtíðarinnar - Hvernig er hægt að fylla uppí tómið?

Hrólfur Karl Cela
Arkitekt FAÍ



Ljósmynd: Hans-Olav Andersen

„Það eru hvorki þeir sterkustu né þeir gáfuðustu sem lifa af heldur þeir sem laga sig best að breyttum aðstæðum.“

Charles Darwin

Umræðuvettvangur um framtíðina á breiðum grundvelli

Arkitektafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Félag byggingafulltrúa, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Meistarasamband byggingamanna, Samtök iðnaðarins, Skipulagsfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands standa sameiginlega að þessum umræðuvettvangi.

Félag byggingarfulltrúa var stofnað 1985

Félag byggingarfulltrúa var stofnað 27. nóvember 1985. Markmið með starfi FB eru að samræma störf byggingarfulltrúa, veita fræðslu og efla þekkingu á málefnum er varða störf þeirra, efla persónuleg kynni þeirra í millum og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri við stjórnvöld og einkaaðila.

Skráðir félagsmenn eru nú 38 þar af 3 konur.

Í tilefni af 25 ára stofnafmæli sínu hafði félagið frumkvæði af málþingi þessu og er stærsti fjárhagslegi bakhjarl þess.